

Mál nr. 454/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Váttryggingar M hjá V.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Iðgjaldaskuld. Frávísun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 6. janúar 2026 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. janúar 2026.

Málsatvik.

Af málskoti og málatilbúnaði M að öðru leyti má draga þá ályktun að M telur sig ekki skulda V iðgjöld sem V byggir á að hafi stofnast á tímabilinu 1. febrúar til 1. apríl 2025. Jafnframt telur M sig ekki hafa vitað af fyrri lögfræðilegri innheimtu V vegna hinnar meintu skuldar og því aldrei fengið tækifæri til að koma sínum rökum að í því máli fyrir viðkomandi dómstól. Þá tekur M m.a. fram að kvörtunin fyrir nefndinni snúi að óljósri og umdeildri reikningagerð af hálfu V auk skorts á viðeigandi tilkynningu og gagnsæi. Þá snúi kvörtunin einnig að innheimtuaðgerðum sem gripið var til á meðan málið hafi verið umdeilt og svo að meðferð V á M og réttindum M sem neytanda. Telur M að þetta falli undir starfssvið nefndarinnar, enda hafi framangreind ágreiningsefni ekki verið tekin fyrir og afgreidd af hálfu dómstóla. Vísar M einnig í lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V, dags. 6. janúar 2026, krefst V þess, með vísan í 3. mgr. 4. gr. samþykka nefndarinnar sbr. c-lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, að málinu verði vísað frá nefndinni. Máli sínu til stuðnings leggur V fram stefnu dags. 23. júní 2025 og endurrit úr gerðarbók frá 12. nóvember 2025. Þar komi fram að ágreiningi aðila um hina umþrættu iðgjaldaskuld M hafi lokið með áritun dómara á stefnu 29. september 2025. Áritun dómara á stefnu hafi sama gildi og dómur og henni verði ekki skotið til æðra dóms, sbr. 2. tl. 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá hafi V krafist fjárnáms fyrir kröfunni sem hafi verið tekið fyrir 12. nóvember 2025 og lokið án árangurs. V telur því liggja fyrir að ágreiningur aðila hafi farið fyrir dómstóla og það falli ekki undir starfssvið nefndarinnar að endurskoða eða úrskurða um ágreiningsmál sem þangað hafa ratað, sbr. fyrrgreint ákvæði c-liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019. Málskot M til nefndarinnar sé dags. 2. desember 2025 en þá hafði ágreiningur aðila þegar verið afgreiddur af dómstólum og aðfarargerðin hafin. Því beri að vísa málinu frá nefndinni.

Álit.

Í þessu máli snýr ágreiningurinn að iðgjaldaskuld M við V sem V byggir á að hafi stofnast á tímabilinu 1. febrúar til 1. apríl 2025. Eins og að framan greinir gerir V þá kröfu að málinu verði vísað frá nefndinni sbr. 3. mgr. 4. gr. samþykka hennar sbr. c-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019. Í 3. mgr. 4. gr. samþykktanna segir: „Nefndinni er að öðru leyti heimilt að vísa málum frá þegar svo er ástatt sem segir í 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, nr. 81/2019.“ Í c-lið 1. mgr. 14. gr. framangreindra laga segir svo: „Viðurkenndir úrskurðaraðilar og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa skulu vísa frá málum sem: c. eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð hjá dómstólum.“ V hefur lagt fram stefnu dags. 23. júní 2025 og endurrit úr gerðarbók Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. nóvember 2025, þar sem fram kemur að framangreindum ágreiningi um iðgjaldskuldina lauk með áritun dómara á stefnu 29. september 2025. Kvörtun M til nefndarinnar er dagsett 2. desember 2025 en þá hafði ágreiningur aðila, sbr. framangreint, þegar verið afgreiddur af dómstólum og aðfarargerð hafin. Með vísan til þessa telur nefndin einsýnt að vísa beri málinu frá, samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samþykka nefndarinnar sbr. c-lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 27. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir